

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpförgun í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Gjöld fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) í Mýrdalshreppi, sbr. samþykkt nr. 985/2001 um sorphirðu í Mýrdalshreppi, skulu vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

<i>Sorpgjöld *</i>	<i>Sorphreinsun og förgun</i>	<i>Gámavöllur og endurvinnsla</i>	<i>Samtals</i>
<i>Íbúðir</i>	Kr.	Kr.	Kr.
Íbúðarhús	21.274	22.121	43.395
Sumarhús	10.632	11.061	21.692
<i>Fyrirtæki</i>			
Flokkur 0		25.124	25.124
Flokkur 1	27.638	27.638	55.275
Flokkur 2	90.562	55.259	145.821
Flokkur 3	181.137	73.057	254.194
Flokkur 4	271.700	76.027	347.727
Flokkur 5	362.258	82.896	445.154

* Gjöld þessi miðast við neysluverðsvisitölu í janúar 2019 og skulu uppfærð samkvæmt henni 1. janúar ár hvert, verði ekki annað ákveðið.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvert sumarhús í sveitarfélaginu. Hver íbúð á rétt á tveimur sorptunnum annarri fyrir óflokkað sorp en hinni fyrir endurvinnsluefni. Gámar fyrir bæði flokkað og óflokkað sorp eru staðsettir í námunda við sumarhúsabyggðir. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum sumarhúsum og fyrirtækjum skv. ákveðnu skipulagi. Sorpgjald er lagt á húsnaði fyrirtækja, geymslu- og verkstæðishúsnaði og er gjald fyrir sorphirðu og hreinsun innheimt eftir magni og er þá tekið mið af sorpmagni undangengins árs, þannig að flokkað er í 5 mismunandi flokka eftir sorpmagni.

Kostnaði vegna gámavallar og endurvinnslu er jafnað á íbúðir, þó þannig að sumarhús greiða aðeins 50% af gjaldinu. Sumarhús eru hús sem standa á skipulögðum svæðum fyrir frístundabyggð. Gjald sem lagt er á fyrirtæki vegna þjónustu gámavallar og endurvinnslu fer hækkandi eftir magni úrgangs frá fyrirtækjunum. Lægsta fyrirtækjagjald vegna gámavallar og endurvinnslu er innheimt af bújörðum með búrekstur.

Hreinsunar og urðunargjöldum er jafnað á íbúðarhús og sumarhús, en fyrirtæki greiða hreinsunar- og urðunargjald eftir fjölda sorpílata og umfangi sorps.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps er hér með staðfest samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 19. september 2018, og af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 10. janúar 2019. Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 165/2018 fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Mýrdalshreppi úr gildi.

Mýrdalshreppi, 10. janúar 2019.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri.